



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 15. janúar 2020 varðandi eftirfarandi mál.

### Tryggvagata

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna svæðis sem nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í austri og lóðar Tollhússins. Í breytingunni felst að lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 er breytt. Á svæðinu sem breytingin nær til verða heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. Tímabundin stöðvun þjónustuaðila er heimil í Naustunum sunnan við Tryggvagötu en sérstakt stæði ekki tilgreind þar. 7 bílastæði eru á lóð tollhússins, samkvæmt uppd. Landmótunar sf. dags. 13. desember 2019. Einnig er lagður fram skýringaruppd. Landmótunar sf. dags. 28. desember 2019.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Visað til borgarráðs.*

*Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins bókar: Flokkur fólksins lýsir furðu sinni að í nýju skipulagi við Tryggvagötu þar sem öll bílastæði verð þurrkuð út og þannig skerða aðgengi almennings að þeim stofnunum og öðrum þjónustuaðilum sem eru við götuna, þá sérstaklega eldri borgara. Einnig mun það gera vissri starfsemi Listasafn Reykjavíkur erfiðar um vik, þá sérstaklega þeirra listamanna og annarra sem koma að og sinna starfsemi þeirrar stofnunar. Smátt og smátt virðist stefna meirihlutans að þurrka út einkabílinn í miðborg Reykjavíkur og stæðum fyrir þá, en felur svo einkaaðilum að starfrækja bílastæðageymslur sem staðsettar eru á svæðinu. Bent skal á að stæðaleiga í þessum bílastæðageymslum er há og fælir borgara annarra hverfa að sækja í miðbæinn hvað þá að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði.*

*Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Enn á ný er ráðist að fjölskyldubílnum með því að fækka bílastæðum í miðbæ Reykjavíkur. Afleggja á í þessu verkefni um 50 bílastæði. Verið er að breyta Tryggvagötu frá Lækjargötu að Gróf í einstefnugötu.*

*Tollstjóraembættið var sameinað ríkisskattstjóra fyrir skömmu og meirihlutanum er bent á að stofnunin er ríkisstofnun sem allir landsmenn verða að hafa greiðan aðgang að. Miðbær Reykjavíkur er ekki einkaeign borgarstjóra og meirihlutans í Reykjavík. Með þessum tillögum er verið að beina umferð enn frekar inn á þrönga Geirsgötu sem er tífandi tímasprengja vegna olúflutninga um götuna. Samkvæmt kostnaðaráætlun 1, er áætlaður kostnaður við breytingarnar 400 milljónir og er sú upphæð komin inn í*



## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

*ffjárfestingaáætlun 2020. Þrengingarstefna meirihlutans í miðbænum/gæluverkefni og breytingar sem af henni hlýst er farin að kosta útsvarsgreiðendur milljarða á meðan grunnstoðir svelta og eru að blæða út. Síðast í gær var tilkynnt um styttingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkur.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bókar: Með því að auglýsa tillöguna gefst hagsmunaaðilum tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri.*

*Fulltrúar Pírata, Viðreisnar og Samfylkingarinnar gagnbóka: Deiliskipulagsbreyting Tryggvagötu frá Steinbryggju og að Grófinni er forsenda fyrir breytingum sem miða að því að gera götuna fallelgri og mannvænni. Breytingin felur meðal annars í sér að fallett og nokkuð stórt torg verður til við suðurhlið Tollhússins undir hinu magnaða mósaikverki Gerðar Helgadóttur. Svæðið er bæði sólríkt og skjólsælt og gæti orðið segull fyrir mannlíf. Breytingin felur einnig í sér að trjám verður komið fyrir í götunni og aðkoma fyrir gangandi vegfarendur að listasafni Reykjavíkur verður bætt. Þessar breytingar eru sannkallað fagnaðarefni og bendum við jafnframt á að stærsti bílakjallari landsins er á svæðinu við hliðina. Þar verður hægt að leggja 1100 bílum.*


Æ.h. umhverfis- og skipulagssviðs

*Glóey Helgudóttir Finnsd.*

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppd. Landmótunar sf. dags. 13. desember 2019 og skýringaruppd.  
Landmótunar sf. dags. 28. desember 2019.






Deiliskipulag Kvosarinnar, samþykkt 01.10.1987 með breytingum á Ingólfstorgi (21.05.'96), Grófinni (05.11.'02), Vesturgötu 2 og 2a (07.02.'08), Hafnarstrætisreit, (23.02.'17) og Steinbryggju, miðbæjartorgi 10.01.'19). mkv. 1:1000



Skýringarmynd - Kvosarskipulag



Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

**GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI**


Gildandi er deiliskipulag Kvosar sem samþykkt var 1. október 1983, með breytingum á Ingólfstorgi (21.05.'96), í Grófinni (05.11.'02), Vesturgötu 2 og 2a (07.02.'08), á Hafnarstrætisreit (23.02.'17) og á steinbryggju, miðbæjartorgi (10.01.'19). Gerð er breyting á deiliskipulagi vegna gatnaumhverfis Tryggvagötu, þar sem stærri hluti götu er nú tekin undir gangandi vegfarendur.

Svæðið sem breytingin tekur til nær eftir Tryggvagötu frá gatnamótum Grófarinnar í vestri að Pósthússtræti í Austri, auk lóðar Tollhússins, Tryggvagötu 19. Stærð svæðisins er um 1 ha.

Þá er lóðarmörkum tollhússins eins og þau eru sýnd á lóðarblaði frá 4. júní 1993 breytt. Lóðarmörk til vesturs eru óbreytt en eftir breytingu miðast lóðarmörk til suðurs og austurs við húsvegg og til norðurs við þakbrún svo gangstéttar falli að mestu utan lóðar. Fyrir breytingu var stærð lóðarinnar 5400 m<sup>2</sup> og eftir breytingu verður lóðin 4616 m<sup>2</sup>. Breyting á lóðarmörkum Tollhússins skarast að óverulegu leyti inn á aðliggjandi deiliskipulag Austurhafnar, samþykkt 18.05.'06 (með nokkrum áorðnum breytingum).

Á svæðinu sem breytingin nær til verða eingöngu heimil 3 bílastæði fyrir hreyfihlaða og 1 þjónustustopp fyrir rekstraraðila í Tryggvagötu. Auk þess eru 7 bílastæði á lóð tollhússins, Tryggvagötu 19. Nægur fjöldi almennra bílastæða er í nýjum bílakjallara Austurhafnar.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Kvosarinnar, samþykkt í borgarráði 1. október 1983.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kvosarinnar, 12. desember 2019, mkv. 1:1000

**SKÝRINGAR**

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Mörk deiliskipulags Kvosarinnar, skv. br. 26.05.'15.
- Mörk deiliskipulags Austurhafnar
- Mörk breytinga sem samþykktar hafa verið á deiliskipulagi Kvosar
- Torgsvæði / göngugötur
- Takmarkaður akstur
- Stæði hreyfihlaðra / þjónustustopp sýnd til skýringar (leiðbeinandi staðsetning)
- Lóðarmörk Tryggvagötu 19:
- Ný lóðarmörk
- Lóðarmörk óbreytt
- Lóðarmörk felld út

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

**KVOSARSKIPULAG**  
Tillaga að deiliskipulagsbreytingu gatnaumhverfis Tryggvagötu og lóðarmarka Tollhúss, Tryggvagötu 19.


**REYKJAVÍKURBORG**

**LANDMÖTUN**

HAMRABORG 12 - 200 KÓPVOGUR - Sími: 575 5300 - Netfang: landmotun@landmotun.is

SKIPULAG: ÁT  
TEIKNAD: ÁT, KJUS  
SAMBYKKT  
KT  
KJAREI: 1:1000 A2  
KÓPVOGUR: dags. 13. des. 2019  
VERKNR.: TEKN. NR. BR.  
0000-DG1903 001





Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 - staðsetning breytingar.

**SKÝRINGAR**

Fyrirliggjandi drög að hönnun vegna áætlaðrar endurnýjunar Tryggvagötu 2020-2021. Frá Pósthússtræti að Gróf.



Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_

með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

**KVOSARSKIPULAG**

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu gatnaumhverfis Tryggvagötu og lóðarmarka Tollhúss, Tryggvagötu 19.



LANDMÖTUN • HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - Sími: 575 5300 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

SKÝRINGARMYND  
 SKIPULAG: ÁT  
 TEIKNAD: ÁT, KLUS  
 SAMBYKKT  
 KT

KVARNDI: 500 A2  
 VERNR: KÓPAVOGUR  
 0000-DG1903

002